

Hverfisráð Hríseyjar

138. fundur

Fimmtudaginn, 3. nóvember 2020, kl 20:00 var haldinn 138. fundur hverfisráðs í Hlein.

Mætt voru: Ingólfur Sigfússon, Kristinn Frímann Árnason og Claudia Werdecker

Dagskrá:

1. Forgangur snjómoksturs í Hrísey

Forgangur snjómoksturs í Hrísey ræddur, stuðst var við tillögu sem Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála sendi með tölvupósti 27. október 2020. Hverfisráð telur mikilvægt að allar íbúagötur séu í fyrsta forgangi svo íbúar eigi greiða leið í ferju, skóla og vinnu. Einnig minnir hverfisráð á að í Hrísey eru engar gangstéttir, fólk verður því að nota götur sem gangstéttir, og það ætti að taka tillit til þess við gerð forgangsröðunar.

2. Sjóvarnargarðurur

Hverfisráð ítrekar mikilvægi þess að gert verði við sjóvarnargarðinn, sbr. 104. fund hverfisráðs Hríseyjar 14. desember 2016 og skýrslu hverfisráðs Hríseyjar á aðalfundi 07. júní 2017. Það stefnir í að íbúðarhúsnæði stafi hættu ef ekkert verður gert næstu árin, þar sem mikil sjór er farinn að ganga á land og þá sérstaklega í hvössum norðan- og norðaustanáttum.

3. Skipulag hafnar- og miðsvæðis

Hverfisráð óskar eftir að samþykkt skipulag hafnar- og miðsvæðis verði komið í ferli. Brýnt er að gera göngustíg norðan við Salthúsið eins og á skipulaginu, sérstaklega í ljósi þeirra gleðitíðinda að starfsemi Hrísey Seafood færist yfir í Salthúsið, því búast má við aukinni umferð lyftara í "sundinu" milli Salthússins og gamla frystihússins.

4. Merkingar á sorpflokkunarsvæði

Hverfisráð óskar eftir að merkingar á gámasvæði verði bættar svo íbúar eigi auðveldara með að losa sorp í rétt ílát, svo sem gáma og kör. Ráðið telur einnig þarft að nytjagám verði komið fyrir á svæðinu. Lúgurnar í flokkunarstöð hafa oft reynst íbúum of litlar og spurning hvort mætti t.d. koma fyrir gám undir bylgjupappa á gámasvæðinu.

5. Önnur mál

- a) Félagsleg mál rædd.
- b) Inngangur að Cittaslow verkefni ræddur.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 21:30.

Claudia Werdecker
Ingólfur Sigfússon
Kristinn Frímarr Árnason

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker